

## Jafnlaunastefna lögreglustjórans á Suðurnesjum

Stefna embættisins er að eyða kynbundnum launamun þannig að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Komi óútskýrður kynbundinn launamur í ljós skal unnið að úrbótum þannig að laun séu ákvörðuð með sama hætti fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Til að framfylgja stefnunni skuldbindur embættið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunastjórnunarkerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig þær verða uppfylltar. Embættið hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni.

Lögreglustjóri ber ábyrgð á jafnlaunastjórnunarkerfi embættisins. Mannauðsstjóri er fulltrúi yfirstjórnar varðandi kerfið og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85. Markmið embættisins er að vera eftirsóttur vinnustaður og að konur og karlar hafi jöfn tækifæri í starfi.

Til þess að ná markmiðum stefnunnar skuldbindur embættið sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum ÍST 85.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athuga hvort mælist munur á launum eftir kyni.
- Kynna skal niðurstöður launagreiningar sem eru til árlegrar úttektar fyrir starfsfólki.
- Bregðast við ef kröfur eru ekki uppfylltar með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt árlega.
- Halda rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítni árlega.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega á ytri vef embættisins.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, nóvember 2020.